

**Ed.**

**36. Frumvarp til laga**

**[36. mál]**

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Flm.: Einar Ágústsson.

1. gr.

Á eftir staflið j í 5. gr. laganna komi nýr stafliður, k, svo hljóðandi:  
Öryggisbelti fyrir ökumann og farþega í framsæti.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 26. maí 1968.

**Greinargerð.**

Í mörgum grannlöndum okkar er það ákveðið með lögum, að í bifreiðum skuli vera öryggisbelti fyrir ökumann og farþega.

Reynslan hefur ótvírátt sýnt, að slíkur búnaður er mjög heppilegur til að koma í veg fyrir eða draga úr meiðslum við bifreiðaárekstra, og fer þeim þjóðum ört fjölgandi, sem lögleitt hafa slík ákvæði.

Enda þótt öryggisbelti séu nú þegar í allmörgum bifreiðum hér á landi, mun notkun þeirra ekki almenn enn sem komið er og verður tæpast fyrr en þá að löngum tíma liðnum, ef ekkert kemur til af opinberri hálfu.

Það er skoðun flutningsmanns, að sjálfsgæta sé að gæta allra þeirra öryggisráðstafana, sem tiltækar eru, til að koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar af vaxandi óhöppum og slysum, er leiðir af fjölgun ökutækja og aukinni umferð.

Öryggisbelti þau, sem hér um ræðir, eru eitt af því, sem að þessu getur stuðlað, og virðist því einsýnt að gera notkun þeirra að skyldu, sérstaklega þar sem kostnaðarauki af því er mjög óverulegur, eins og sýnt verður fram á í framsögu.

Flutningsmanni er það kunnugt, að t. d. í Englandi hefur umrædd skylda aðeins verið látin ná til þeirra bifreiða, sem teknar voru í notkun eftir gildistökudag laganna, og breytingunni þannig komið á í áföngum.

Þá leið mætti einnig fara hér á landi, en að athuguðu máli er þó lagt til, að skyldan verði strax látin ná til allra bifreiða. Hins vegar miðast skyldan skv. frv. aðeins við ökumann og farþega í framsæti, en ekki alla þá, sem í bifreiðinni eru, eins og víðast hvar annars staðar mun gilda.

Gildistaka laganna er látin miðast við fyrirhugaða breytingu umferðar frá vinstri til hægri, og ættu þeir, sem óttast slysafaraldur af þeirri breytingu, að vilja gera sitt ýtrasta til að minnka þá áhættu.